



Til bæjarráðs

Kópavogi, 1. mars 2022

22021294/999.00 ABS

Efni: Ósk um heimild bæjarráðs til að auglýsa eftir húsnæði til reksturs leikskóla

Unnið hefur verið að því í samstarfi menntasviðs og umhverfissviðs að fjölga leikskólarýmum í leikskólum Kópavogs. Í þeim tilgangi er leitað að heppilegu húsnæði, helst í grennd við leikskóla bæjarins.

Menntasvið óskar eftir heimild Bæjarráðs til að auglýsa eftir húsnæði fyrir rekstur leikskóla, til leigu eða sölu. Æskilegt er að húsnæðið sé í nálægð við leikskóla í rekstri bæjarins svo unnt sé að nýta útisvæði.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup eru þjónustusamningar um kaup eða leigu á byggingum, gegn fjárhagslegu gjaldi undanskildir gildisviði laganna og þar af leiðandi undanskildir ákvæðum um útboðsskyldu opinberra stofnanna sem ná tilteknum viðmiðunarfjárhæðum.

Lagt er til að auglýst verði eftir mögulegum seljendum eða leigusölum af fasteign sem hentar framangreindri starfsemi.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs